

Tónlistarmenn sextánda aldar skreyttu venjulega tónlist sína með tónmynstrum sem kölluð voru *diminutione*, *passaggi* eða *gorgie*. Í stað lengri nótna eða hópa nótna í tónverkinu notuðu þeir hraðar lagrænar forskriftir og sköpuðu þannig tilbrigði við laglínuna.

Þessar forskriftir eru skráðar í *diminution* handbókum eftir blokkflautuleikarann Silvestro di Ganassi (gefin út 1535), gömbuleikarann Diego Ortiz (1553), bláasarveitarstjórnandann Girolamo Dalla Casa (1584), tónskáldið Giovanni Bassano (1585 og 1591), Antonio Brunelli (1614), Francesco Rognoni (1620) auk fjölda annarra bóka. Mörg verk (*ricercate*) voru skrifuð sem sýna hvernig má nota þessar handbækur til að breyta einfaldari lögum í *virtuósísk* tónverk. Sumar bókanna bæta við tónverkum þar sem skrautnótur eru allar skrifaðar út. Þessi verk gefa lífliga, og ef til vill örflítið ýkta hugmynd um fjölbreytileika skrautnótanna sem til voru og hvernig þær voru notaðar við flutning tónlistarinnar.

Trillum og forslögum var venjulega bætt við stakar nótur. Hraðar tenginótur voru hins vegar notaðar til að skreyta á milli tveggja nótna í laglínunni og gáfu tónlistarmanninum færi á að sýna færni sína. Í kennslubókum 16. og 17. aldar voru töflur yfir helstu tónbil og dæmi um hvernig mátti skreyta þau. Tónlistarmenn gátu lært þessar töflur utan að og notað í alla tónlist. Mörg tónverk hafa varðveist eftir helstu tónlistarmenn þessa tíma þar sem skrautnótur eru allar skrifaðar út. Þessi verk sýna að tenginótur voru oftast notaðar saman með ákveðnum trillum til að skreyta endurtekningu á hendingu, kafla eða versu og sköpuðu þannig tilbrigði við laglínuna. Laglínur sem voru skreyttar á þennan hátt voru kallaðar *diminusjónir*.

Það skal tekið fram að þessar skreytingar voru fyrst og fremst leiknar af fingrum fram. Skrautnótturnar voru hvergi skrifaðar í 16. aldar nótnabækur, hvorki í hljóðfæratónlist né kórtónlist. Hreint og einfalt útlit þessarar tónlistar er því oft villandi. Tónlistarmenn endurreisnartímans, söngvarar sem og hljóðfæraleikarar litu á spuna skreytinótna sem hluta af grunnþjálfun sinni og tónlistarlegri skyldu. Sá eiginleiki að geta bætt við tónlistina skraut- og tenginótum var hluti af persónulegri túlkun tónlistarmannsins í starfi. Kennslubækur þessa tíma voru fullar af ráðleggingum um hvernig nota skyldi skreytilistina sparlega og á smekklegan hátt.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum*  
*The cafeteria is open after the concert*

# Sumartónleikar

## í

# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Legenda Aurea Amsterdam

Paul Leenhouts  
endurreisnarblokkflautur  
Gunnhildur Einarsdóttir  
barokkharpa

NETÚTGÁFA

Þriðjudaginn 13. ágúst 2002 kl. 20:30

Efnisskrá

**Paul Leenhouts** lauk einleikarprófi frá Tónlistarháskólanum í Amsterdam, þar sem hann kennir nú. Hann er einn af stofnendum *The Amsterdam Loeki Stardust Quartet* og barokktónlistarhópsins *Collegium Atlantis*. Auk þess að vera virkur einleikari er Paul Leenhouts einnig tónskáld, útsetjari og ritstjóri fjölda verka fyrir blokkflautu (Moeck, Ascolta og ¡Huzza! Editions). Paul Leenhouts hefur tekið upp hljómplötur fyrir útgáfufyrirtækin Decca L'Oiseau-Lyre, Channel Classics, Vanguard og Berlin Classics. Árið 1986 stofnaði hann *The Open Holland Recorder Festival* í Utrecht og síðan 1990 hefur hann verið stjórnandi *The International Baroque Institute* í Longy, Boston í Bandaríkjunum. Sérlegur áhugi hans á enskri, þýskri, ítalskri og spænskri Consort tónlist leiddi til stofnunar *The Royal Wind Music* árið 1997, en það er hópur 16 blokkflautuleikara sem sérhæfir sig í flutningi endurreisnartónlistar á upprunaleg hljóðfæri.

**Gunnhildur Einarsdóttir** er fædd í Reykjavík. Hún hóf hörpunám 13 ára undir leiðsögn Elísabetar Waage. Samhliða hörpunni lærði hún á píanó hjá Halldóri Haraldssyni í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Að stúdentsprófi loknu fór hún til Parísar þar sem hún lærði við Conservatoire Nationale de Paris veturinn 1996 – 97. Veturinn þar á eftir var Gunnhildur í einkatímum hjá Sioned Williams í London. Nú í vor lauk hún BA prófi frá Tónlistarháskólanum í Amsterdam þar sem hún var nemandi hjá Eriku Waardenburg. Gunnhildur hefur komið fram víða; á Íslandi, í Frakklandi, Hollandi, Þýskalandi, Austurríki, Tékklandi, Spáni, Tævan og Eistlandi. Hún spilar reglulega með *The Royal Wind Music* undir stjórn P. Leenhouts svo og með öðrum nútíma og barokk kammertónlistarhópum.

Paul Leenhouts og Gunnhildur leika á endurgerðir af hljóðfærum frá barokk- og endurreisnartímanum.

## NETÚTGÁFA

Giovanni Bassano  
1558 – 1617

Girolamo Dalla Casa  
? – 1601

Jacob van Eyck  
1590 – 1657

John Dowland  
1563 – 1626

-

Óþekktur höfundur  
England, um 1620

John Adson  
? – 1640

Robert Johnson  
um 1582 – 1630

Jeronimus Kapsberger  
1580 – 1643

Aurelio Virgiliano  
Ítalía, 16. öld

Richardo Rogniono  
? – 1619

Antonio de Cabezón  
1510 – 1566

Giovanni Battista Bovicelli  
um 1592

**Susanne ung jour**  
(eftir verki Orlando di Lasso)

**Oncques amour**  
(eftir verki Thomas Crequillon)

**Pavane Lachrimae**  
úr *Der Fluyten Lust-hof*, Amsterdam 1646

**Lachrimae Tristes**  
úr *Lachrimae, or Seaven Teares...*, London 1605

**Mellancoly Galliard**

**The Mountebanks Dance at Grayes Inne**

**Williams his Love**  
úr *Courtly Masquing Ayres*, London 1621

**The Satyrs Masque**  
úr *Taffel Consort*, Hamborg 1621

**Toccatà Seconda Arpeggiata**  
úr *Il Primo Libro di Intavolatura di Chitarrone*,  
Feneyjar 1604

**Recercata Seconda**  
úr *Il Dolcimelo*, Feneyjar 1600

**Ung gay bergier**  
(eftir verki Thomas Crequillon)

**Ancol che col partire**  
úr *Obras de Musica para Tecla, Arpa y Vihuela*,  
Madrid 1578

**Anchor che co'l partire**  
(eftir verki Cipriano de Rore)